

þess að fá úr því skorið, til hvers eigi að nota forsætisráðherra-bústaðinn.

Gerðarbeiðandi hefur mótmælt öllum fresti, þar sem hann sé óþarfur og þýðingarlaus.

Um 1. Þar sem fyrir liggur í málinu formlegur úrskurður húsaleigunefndar og eigi verður séð, að formaður hennar sé á neinn hátt í slíku sambandi við málsaðilja, að það haggi gildi úrskurðarins, þá verður ekki séð, að nokkur ástæða sé til að fresta málinu af þeim sökum.

Um 2. Af skjölum málsins verður eigi annað séð en gerðarþoli hafi í húsaleigunefnd átt kost á að kynna sér skjöl málsins, þau er þar voru og máli skiptu, og gera athugasemdir sínar þar við, og þarf hann því ekki frest til þess nú.

Um 3. Þegar af þeirri ástæðu, að fyrir liggur í málinu skuldbindandi loforð gerðarbeiðanda um að rýma forsætisráðherrabústaðinn, þannig að hann er skyldur til að rýma hann þegar skv. því loforði, þá þykir ekki þurfa að afla vitneskju um það í þessu máli, til hvers ríkisstjórnin hyggst að nota þennan bústað, og er því ekki ástæða til að veita frest til vitnaleiðslu af þessum sökum.

Samkvæmt þessu verður að neita um hinn umbeðna frest.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur skal ekki veittur.

Föstudaginn 19. nóvember 1943.

Nr. 65/1943. **Karl Friðriksson og Jón Kristjánsson**

(Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Jóni Gíslasyni og gagnsök (Gunnar Möller).

Ágreiningur út af söltun síldar.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengu áfrýjunarleyfi 19. júlí þ. á., skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. s. m. Gera þeir þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi verði í aðalsök dæmdur til að greiða þeim kr. 6112.65 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 4801.45 frá 1. janúar 1939 til greiðsludags og af kr. 1311.20 frá 23. sept. 1941 til greiðsludags. Í gagnsök krefjast aðaláfrýjendur sýknu af kröfum gagnáfrýj-

anda. Loks krefjast þeir málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjanda hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. ágúst þ. á., áfrýjað málinu með stefnu 20. sept. þ. á. Krefst hann þess, að ákvæði héraðsdóms í aðalsök verði staðfest, en aðaláfrýjendur dæmdir í gagnsök til að greiða honum kr. 9920.57 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1939 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að fallast má á forsendur héraðsdómsins, ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 5. sept. 1940. Var þá lögð fram af hendi sóknaraðilja stefna og reikningar, en engin greinargerð. Varnaraðili fékk þá 4 vikna frest og síðan frest á frest ofan til 12. des. s. á., en þá lagði hann fram greinargerð ásamt fylgiskjöllum. Umboðsmaður sóknaraðilja fékk þá fyrst frest til 16. janúar 1941 og síðan framhaldsfresti hvern af öðrum til 6. marz, og kom þá en fyrir ekki greinargerð af hans hendi. Þá fékk varnaraðili frest á frest ofan til 8. maí, en þá lagði hann fram gagnstefnu í málinu. Fékk nú sóknaraðili fresti til 25. september og lagði þá fram framhaldsstefnu og greinargerð. Því næst voru varnaraðilja veittir frestir til 20. nóvember, er hann lagði fram framhaldsgreinargerð ásamt fylgiskjöllum. Þá fékk umboðsmaður sóknaraðilja fresti hvern eftir annan til 30. apríl 1942, en þá lagði hann fram útskriftir af vitnaleiðslum.

Var nú umboðsmanni varnaraðilja veittur frestur til 7. maí s. á., en þá fékk umboðsmaður sóknaraðilja enn frest til 21. maí. Þá töldu umboðsmenn aðilja gagnasöfnun lokið, og er ekki fyrir en þá kveðið á um, að málið skyldi flytja munnlega. Gerðist nú ekkert í málinu fyrir en 19. janúar 1943, er málið var flutt munnlega fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur.

Eins og sjá má, hefur mál þetta sætt meðferð í héraði,

sem mjög er andstæð fyrir mælum laga nr. 85/1936. Greinargerðir af hendi umboðsmanna aðilja eru ekki lagðar fram eins fljótt og tilskilið er í 105. og 106. gr. laganna. Ekki var kveðið á um það á réttum tíma samkvæmt 109. gr. laganna, hvort málið skyldi flytja munnlega eða skriflega. Sameiginlegur frestur aðiljum, sem þeim ber að hagnýta sér í samvinnu eftir ástæðum, var ekki veittur eftir 110. og 111. gr. sömu laga, heldur frestir veittir þeim á vixl hátt á annað ár, og eftir allan þann drátt lá málið hjá dómara um 8 mánuði, áður það væri flutt munnlega. Við meðferð máls þessa hefur verið blandað saman eldri og nýrri meðferð einkamála í héraði og málið auk þess dregið langt úr hófi fram. Er þessi meðferð öll brýnt brot á greindum ákvæðum laga nr. 85/1936, og verður því samkvæmt 3. mgr. 34. gr. sömu laga að dæma héraðsdómarann Björn Þórðarson, er fór með málið í héraði fram til munnlegs flutnings, til 100 króna fésektar. Þá verður og að dæma umboðsmenn aðilja, hæstaréttarlögmennina Sigurgeir Sigurjónsson og Gunnar Möller, til 100 króna fésektar hvorn fyrir hlutdeild í rangri meðferð málsins samkvæmt 3. mgr. 34. gr. nefndra laga, sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 analogice, og fyrir þarflausan drátt málsins samkvæmt 3. tl. 188. gr. laga nr. 85/1936.

Fésektir þær, er að ofan greinir, skulu renna í rikissjóð, og skal hver hinna dæmdu afplána sína sekt í 4 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Karl Friðriksson og Jón Kristjánsson, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Gíslasyni, kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Héraðsdómarinn Björn Þórðarson og hæstaréttarlögmennirnir Sigurgeir Sigurjónsson og Gunnar Möller greiði hver um sig 100 króna sekt í rikissjóð, og af-

pláni hver þeirra sekt sína 4 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 23. jan. 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., er upphaflega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 12. ágúst 1940, af Karli Friðrikssyni og Jóni Kristjánssyni, Akureyri, gegn Jóni Gíslasyni útgerðarmanni, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 4801.45 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1939 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Með framhaldsstefnu, útgefinni 23. sept. 1941, hafa stefnendur síðan aukið við kröfur sínar og krafizt þess, að stefndur verði einnig dæmdur til að greiða þeim kr. 1311.20 með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi framhaldsstefnu til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur krafðist upphaflega sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar að skaðlausu, en hefur síðar viðurkennt ýmsar af dómkröfum þeirra, eins og nánar verður rakið hér á eftir. Jafnframt hefur hann með stefnu, útgefinni 8. maí 1941, höfðað gagnsök, þar sem hann krefst þess, að gagnstefndir (aðalstefnendur) verði dæmdir til að greiða skaðabætur, að upphæð kr. 9920.57 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1939 til greiðsludags, og málskostnað að skaðlausu. Við hinn munnlega málflutning gerði gagnstefnandi einnig þá varakröfu í gagnsök, að gagnstefndir verði dæmdir til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 5604.27, auk vexta og málskostnaðar eins og fyr segir.

Gagnstefndir krefjast sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Öflun gagna í máli þessu hefur að mestu leyti farið fram fyrir bæjarþinginu, en eftir ósk aðilja og með samþykki dómarans var málið flutt fyrir sjó- og verzlunardóminum.

Tildrög málsins eru þau, að sumarið 1938 tóku aðalstefnendur að sér söltun á sild fyrir aðalstefndan á Siglufirði, og eru dómkröfur aðilja í aðalsök og gagnsök til orðnar í sambandi við þessi skipti þeirra.

Aðalsök. Eins og þegar er getið, nema kröfur aðalstefnenda á hendur aðalstefndum kr. 4801.45 samkvæmt frumstefnu, og er sú krafa sundurliðuð á framlögðum viðskiptareikningi þeirra.

Aðalstefndur mótmælti í upphafi málssóknarinnar reikningi þessum í þrem atriðum, þ. e. hann taldi, að saltnotkun hans væri þar ofreiknuð, að skúrleiga væri þar of hátt talin og verkunarlaun ofreiknuð. Nú hefur aðalstefndur tekið aftur þessi mótmæli sín að undanteknum andmælunum gegn verkunarlaununum. Held-

ur aðalstefndur því fram, að verkunarlaunin séu ofreiknuð um kr. 1185.95 og byggir það á því, að samkvæmt uppgjöri frá aðalstefndum (dags. 20. sept. 1938) hafi þeir ranglega reiknað honum svonefnd „pækilgjöld“ (kr. 865.60 + kr. 79.50), og sé upphæðum þessum bætt við verkunarlaunin á hinum framlagða viðskiptareikningi auk nokkurrar enn frekari hækkunar frá því, sem um samið hafi verið. Kveðst aðalstefndur þegar við móttöku uppgjörins frá 20. sept. 1938 hafa mótmælt því, að honum bæri að greiða „pækilgjöld“ þessi.

Gegn mótmælum aðalstefnenda hefur aðalstefndum eigi tekizt að sanna, að hann hafi haft uppi mótmæli að þessu leyti, og verður því að telja, að þegar af þeirri ástæðu hafi hann fyrirgert rétti til að bera slíkt fyrir sig nú. Að þessu athuguðu og því, að aðalstefnendur munu hafa slegið upp og botnað á ný hinar gölluðu hálfunnur, er síðar verður lýst, svo og því, að verkunarlaunin í heild, eins og þau eru tilfærð á viðskiptareikningnum, verða að teljast óvenjulega lág, þykir bera að taka þessa kröfu aðalstefnenda til greina að öllu leyti.

Kröfur aðalstefnenda samkvæmt framhaldsstefnu sundurliðast þannig, að kr. 441.20 er svonefnt „geymslugjald“, er þeir telja sig eiga kröfu til, og kr. 870.00 er andvirði 145 hálfunnna, sem sama máli gegnir um. Aðalstefndur hefur nú viðurkennt síðari kröfuliðinn sem réttan, og verður hann því tekinn til greina, en hins vegar neitar hann að greiða nefnt „geymslugjald“ til aðalstefnenda.

Eftir því sem fram hefur komið í málinu, mun Sildarútvegsnefnd hafa á þessum tíma greitt eigendum „matjes“-sildar nokkra upphæð til að standast kostnað af geymslu þeirrar sildar, sem ekki var farin um áramótin 1938—1939. Með því að ekki verður annað sýð en að aðalstefndur hafi tekið við umráðum sildar þeirrar, er aðalstefnendur höfðu saltað og óflutt var út um þetta leyti, verður að telja, að þegar af þeirri ástæðu eigi aðalstefnendur ekki tilkall til þessarar upphæðar úr hendi aðalstefnds. Þessi krafa aðalstefnenda verður því ekki tekin til greina.

Úrslit aðalsakar verði því þau, að aðalstefndur verður dæmdur til að greiða aðalstefnendum kr. 4801.45 + 870.00, eða kr. 5671.45 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið svo og málskostnað í aðalsök, er telst hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Gagnsök. Gagnstefnandi skýrir svo frá, að gagnstefndir hafi saltað fyrir sig 1620 heiltunnur af venjulegri „matjes“-sild, 261 hálfunnur af sams konar sild (í norskum tunnum) og 627 hálfunnur af „Ameriku-verkaðri“ „matjes“-sild (í skozkum tunnum). Í meðförum gagnstefndra hafi skemmzt meira og minna 296 ½ heiltunna og 21 hálfunnur af venjulegri „matjes“-sild og 627 hálfunnur af „Ameriku-verkaðri“ „matjes“-sild. Telur hann, að gagn-

stefndir eigi sök á skemmdum þessum með hirðuleysi sínu, og beri þeim því að bæta það tjón, er af hafi hlotizt og nema hinni umstefndu upphæð.

Gagnstefndir byggja sýknukröfu sína í gagnsök á því, að skemmdir þær, sem um er að ræða, hafi ekki orðið fyrir tilverknað þeirra, heldur eigi gagnstefnandi sjálfur sök á því, hvernig farið hafi að þessu leyti. Hann hafi verið viðstaddur í hvert skipti, sem saltað hafi verið fyrir hann, og haft nákvæma fyrirsögn á öllu, er varðaði söltun og þæklun og alla meðferð sildar hans. Hann hafi og lagt til tunnur þær, er reyndust svo gallaðar, að þær láku þæklinum, og einnig hafi hann lagt til lélegt salt og fyrirskipað að nota það.

Dómkvaddir skoðunar- og matsmenn athuguðu sild gagnstefnanda á söltunarstað gagnstefndra dagana 13.—15. febrúar 1939. „Matjes“-sildin í heiltunnunum og einni háltunnu, sem verkuð var venjulegri aðferð, reyndist yfirleitt mikið „súr“, sem kallað er. „Matjes“-sildin í háltunnunum, sem verkuð var fyrir „Ameríku“-markað, reyndist hins vegar þrá. Sildarmatsstjórinn Magnús Vagnsson og sildarmatsmaðurinn Leo Jónsson, sem skoðuðu sildina í október 1938 og janúar 1939, telja og, að hin fyrrtalda sild hafi verið „sæt“ og „súr“ og hin síðartalda þrá. Hinir dómkvöddu menn telja, að orsakir þess, að sildin hafi verið „súr“, muni vera þær, að hún hafi verið söltuð úr slæmu salti, eða of litill saltskammtur notaður, og einnig kunni það, hversu oft sildin hafi verið hreyfð, hafa getað valdið „súrnum“. Magnús Vagnsson og Leo Jónsson telja, að „sæta“ og „súr“ stafi af of litlum saltskammti. — Þeir eru allir sammála um það, að þækilsleysi sé orsök þráans í „Ameríku-verkuðu“ sildinni.

Af því, sem fram hefur komið í málinu, þykir sýnt, að tunnur þær, sem Sildarútvegsnefnd lagði til undir sildina fyrir „Ameríku“-markaðinn, hafi verið mjög gallaðar, og hafi þær lekið þæklinum. Af gögnum þeim, er fyrir liggja, þykir ekki verða staðhæft, að gagnstefndum verði gefið að sök, að sildin skemmdist í tunnum þessum, sem gagnstefnandi lét þá fá til afnota, og verði þeir því ekki sóttir til greiðslu bóta fyrir tjón það, er af hlaut. Þykir því bera að sýkna gagnstefndu af hér að lútandi kröfum gagnstefnanda.

Að því er snertir hina sildina, eru í fyrsta lagi ekki færðar á það fullnægjandi sönnur, að lélegt salt hafi verið notað við söltun sildarinnar. Framburðir vitna, sem leidd hafa verið í málinu, svo og skýrsla gagnstefnds Jóns Kristjánssonar um salt það, er notað var, borin saman við önnur gögn um saltsendingar gagnstefnanda, virðast einmitt benda í þá átt, að salt það, sem gallað á að hafa verið, hafi eigi verið notað í sild þessa. Auk þess verður að líta svo á, að gagnstefndir sem vanir sildarsaltendur hefðu átt

að vita það, að úr lélegu salti varð bætt með auknum saltskammti, og þeim hafi borið skylda til að gera slíkar ráðstafanir, ef um slíkt salt var að ræða. Af framburðum vitna þeirra, er leidd hafa verið í málinu, þykir og sýnt, að gagnstefnandi verður ekki talinn hafa fylgzt svo með söltun þessari, að hann af þeim sökum geti talizt eiga að bera ábyrgð á tjóninu, er af hlaut. Hann virðist einungis hafa tekið ákvörðun um, hvers konar verkun sildin skyldi hljóta hverju sinni, en ósannað er, að hann hafi að öðru leyti sagt fyrir verkum og fylgzt með söltuninni sjálfri.

Samkvæmt gögnum þeim, er fyrir liggja, verður að telja, að megin-orsök skemmdanna á sild þessari stafi af of litlu salti, og verða gagnstefndir að teljast bera ábyrgð á tjóni því, sem gagnstefnandi varð fyrir af þeim sökum. Hreyfing sú á sildinni, sem að framan getur, virðist hafa átt sér stað vegna þeirrar veilu, sem vart varð í sildinni, og getur það atriði því ekki talizt hafa sérstaka þýðingu hér.

Af hálfu gagnstefndra hefur verið tekin gild sú sundurliðun á tjóninu, sem gagnstefnandi hefur komið fram með, og þykir því verða að leggja hana til grundvallar í málinu. Samkvæmt þeirri sundurliðun hefur tjón gagnstefnanda vegna skemmda á hinni „Ameríku-verkuðu“ sild numið kr. 5604.27, eins og varakrafa hans hljóðar um, og ber gagnstefndum því að greiða honum þessa fjárhæð í skaðabætur að þessu leyti. Vaxtakrafa gagnstefnanda, sem engum andmælum hefur sætt, verður og tekin til greina, og rétt þykir, að gagnstefndir greiði honum 600 kr. í málskostnað í gagnsök.

Telja verður, að dráttur sá, sem orðið hefur á málarekstri þessum, sé nægjanlega réttlættur. Vitnaleiðslur hafa orðið að fara fram úti á landi, og hafa þær stundum tafizt af ófyrirsjáanlegum ástæðum.

Dómur þessi er kveðinn upp af fulltrúa lögmanns, Árna Tryggvasyni, og meðdómendunum Ingvari Vilhjálmsyni útgerðarmanni og Þorgrimi Sigurðssyni skipstjóra.

Því dæmist rétt vera:

Í aðalsök greiði aðalstefndur, Jón Gíslason, aðalstefnendum, Karli Friðrikssyni og Jóni Kristjánssyni, kr. 5671.45 með 5% ársvöxtum af kr. 4801.45 frá 1. jan. 1939 til 23. sept. s. á. og af kr. 5671.45 frá 23. sept. 1941 til greiðsludags svo og kr. 600.00 í málskostnað.

Í gagnsök greiði gagnstefndir gagnstefnanda kr. 5604.27 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1939 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.